

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um framkvæmdir við Gjábakkaveg.

Frá Álfheiði Ingadóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvenær hófust framkvæmdir Vegagerðarinnar við nýjan Gjábakkaveg og hvenær er áformað að þeim ljúki?
2. Hvað verður um núverandi Gjábakkaveg þegar nýr vegur hefur verið lagður?
3. Hefur ráðherra brugðist við ósk þess efnis að framkvæmdunum verði frestað þar til niðurstaða fæst í máli sem höfðað var gegn Vegagerðinni vegna framkvæmdanna og ef svo er, þá hvernig?
4. Telur ráðherra að sú ákvörðun að ganga frá verksamningum og hefja framkvæmdir við vegarlagninguna skapi ríkinu skaðabótaskyldu falli dómur kærendum í vil?